



Upplýsingablað séreignar

annar ársfjórðungur 2025


Innlána safnið – fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




Varfærna safnið – fyrir þá sem vilja taka minni markaðsáhættu




Hóflæg áhætta



Áræðna safnið – fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 30.06.2025

Orðsending fjárfestingaráðs:

Eftir góða ávöxtun á fyrsta ársfjórðungi dró aðeins úr á öðrum fjórðungi. Innanlands voru væntingar um að Seðlabankinn væri að ná tökum á verðbólgunni og áframhaldandi vaxtalækkunar myndu fylgja í kjölfarið. Verðbólga mældist 4,2% í júní og jókst meira en reiknað var með. Aukinn verðþrýstingur virðist á nokkuð breiðum grunni en skýrist ekki sist af verðhækkunum á innfluttum vörum. Á erlendum mörkuðum höfðu umræður um tolla áfram neikvæð áhrif. Þrátt fyrir ágæta ávöxtun á bandarískum hlutabréfamarkaði á þessu ári hefur dollarinn veikt sem dregið hefur úr ávöxtun fyrir erlenda fjárfesta og skilað

neikvæðri ávöxtun í krónum. Fjárfestar hafa því meðal annars leitað annarra fjárfestingakosta og áhugi á evrópskum hlutabréfamarkaði því aukist. Innanlands munu horfur á eignamörkuðum ráðast af þróun efnahagssumsvifa, verðbólgu og verðbólguvæntingum en ólíklegt er að Seðlabankinn muni fara í stórar vaxtalækkunar meðan verðbólga er enn yfir væntingum. Erlendis munu tollaumræður og vaxtalækkunar stýra ferðinni en haldist stöðugleiki á erlendum mörkuðum er von um að þeir geti náð viðunandi ávöxtun á komandi mánuðum.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð